

Stjórnarfundur FFLS

Þriðjudagur 17. nóvember 2015

Mættir: Þórhallur Jóhannsson, Davíð Ingi Jónsson, Gunnar A. Ólafsson, Lárus Arnar Sölvason, Óskar Kristjánsson, Petra Eiríksdóttir og Tinna Daníelsdóttir

Umferðaröryggi í Baugshlíð og bílastæðin við Höfðaberg: Framkvæmdir hafa gengið allt of hægt. Þórhallur heldur áfram að ýta á umbætur í Baugshlíð og stækkun bílastæðis við Höfðaberg gegnum skólaráð. Einnig þarf að koma á framfæri hvort möguleiki sé að loka stétt fyrir framan hliðið að Höfðabergi fyrir bílum, hætta skapast þegar foreldrar keyra þar upp á og bakka út þar sem börn eru að labba inn.

Mötuneyti í Lágafellsskóla: Hávaði er of mikill og tími lítill til að borða. Starfsmenn eru stundum með heyrnarhlífar vegna hávaða. Rætt um um mögulegar aðgerðir eða umbætur til að draga úr hávaða og bæta hádegistímann fyrir börnin. Fyrirmyndir eru til staðar úr öðrum skólum þar sem þetta gengur mun betur. Ákveðið að ræða við skólastjórnendur og vinna saman að umbótaáætlun sem getur bætt aðstöðuna.

Gjaldkeramál: Pappírar eru komnir frá bankanum til að flytja prókúru á nýjan gjaldkera og liggja upp á skrifstofu Lágafellsskóla. Aðalmenn þurfa að mæta og skrifa undir. Árgjald verður sett inn í heimabanka foreldra í framhaldinu.

Niðurstöður fulltrúaráðsfundar: Petra er búin að taka saman helstu niðurstöður. Nú þegar er verið að vinna í mörgum liðum, svo sem er varðar umferðaröryggi, kurla á fótboltavelli, skólalóð og mötuneyti. Ákveðið að kynna samantekt fyrir skólaráði og einnig ræða á fundi með skólastjóra. Stjórn mun vinna áfram með aðra liði sem eru ekki komnir í ferli.

Verkefni/félagsstarf vetrarins: Ýmsar hugmyndir að viðburðum ræddar m.a. jólaskemmtanir, fræðsluviðburðir o.fl. Ekkert hefur verið ákveðið annað en páskabingó en samþykkt að skoða þetta betur og skiptast á hugmyndum.

Skólalóðin: Framkvæmdir við breytingar á lóðinni ganga hægar en áður var búið að áætla og kynna m.a. við skólahreystibrautina. Skólalóðin er frekar fátæk af leiktækjum og mikilvægt að fá upplýsingar um hvenær allar framkvæmdir verða kláraðar.

Önnur mál: M.a. rætt um að athuga með að fá niðurstöður frammistöðumats sem framkvæmt var í október þar sem var spurt um líðan barnanna í skólanum. Einnig að setja upplýsingar um foreldrasamkomulag Heimili og skóli inn á Facebook síðu fulltrúaráðs og fá umræður og almennt virkja Facebook meira til samskipta, upplýsingagjafar og umræðna milli foreldra.